

AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA
VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIGREINAR

Menntamálaráðuneytið 2006

Efnisyfirlit

Viðskipta- og hagfræðigreinar	3
Inngangur	3
Lokamarkmið	3
Áfangar	4
BÓK 103 Bókfærsla I.....	4
BÓK 203 Bókfærsla II	5
BÓK 213 Tölvubókhald	6
BÓK 303 Ársreikningar og skattskil.....	7
HAG 103 Rekstrarhagfræði I	8
HAG 203 Rekstrarhagfræði II.....	9
HAG 113 Almenn þjóðhagfræði	10
HAG 213 Hagstjórn	12
HAG 313 Alþjóðahagfræði	13
VIÐ 103 Stjórnun	14
VIÐ 113 Markaðsfræði	15
VIÐ 213 Markaðsrannsóknir.....	16
VIÐ 123 Fjármál I.....	16
VIÐ 223 Fjármál II.....	17
VIÐ 133 Frumkvöðlafræði.....	18
VIÐ 143 Viðskiptalögfræði.....	19

Viðskipta- og hagfræðigreinar

Inngangur

Viðskipta- og hagfræðigreinar fjalla um efni sem snerta daglegt líf allra einstaklinga, hver sem staða þeirra og hlutverk er í samfélaginu. Hagfræðileg og viðskiptaleg efni eru stöðugt til umfjöllunar í fjölmiðlum og í samtölum fólks. Þekking á helstu lögmálum, sem að verki eru í efnahagslífinu jafnt og einstökum þáttum, svo sem skattamálum, ársreikningum fyrirtækja, verðbréfamarkaði og kennitölum hlutabréfa, eru nauðsynlegt veganesti í nútímaþjóðfélagi.

Segja má að almenn þekking á þessu sviði sé ein af forsendum þess að þjóðfélagsþegnarir geti tekið virkan þátt í umræðu um samfélagsleg málefni, myndað sér skoðanir byggðar á þekkingu og þannig verið vel í stakk búnir að taka þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku.

Þjóðhagfræðin fæst við grundvallarspurningar eins og þær hvernig samfélagið geti nýtt framleiðsluþætti á hagkvæmasta máta til framleiðslu á vörum og þjónustu og hvernig efnahagslegum gæðum er skipt á meðal samfélagsþegnanna. Hún tekur fyrir helstu stofnanir efnahagslífsins og skoðar samspil þeirra. Efnahagsþróun og helstu markmið og leiðir í stjórn efnahagsmála eru jafnframt veigamikil umfjöllunarefni í þjóðhagfræði.

Í rekstrarhagfræði og undirgreinum hennar er sjónum beint að þeim atriðum sem mestu skipta þegar lagður er grunnur að ákvörðunum um rekstur fyrirtækja og stofnana. Fjallað er um þætti eins og skipulag, áætlanagerð, bókhald, fjármál, markaðssetningu og stefnumótun.

Kröfur til þeirra sem starfa í viðskiptalífinu hafa aukist í takt við alþjóðavæðingu efnahagslífsins og með innleiðingu nýrrar tækni. Nýjungar á sviði upplýsingatækni og fjarskipta hafa á fáum árum gjörbreytt vinnuumhverfi þeirra sem starfa á þessu sviði. Mikilvægt er að nám í viðskipta- og hagfræðigreinum taki mið af þessari þróun þannig að nemendum gefist kostur á að spreyta sig á raunhæfum verkefnum við sem raunverulegastar aðstæður.

Lokamarkmið

Nemandi

- öðlist skilning á skipulagi og uppbyggingu framleiðslu og þjónustu í nútímasamfélögum
- geri sér grein fyrir verðmætasköpun einstakra fyrirtækja og heildarverðmætasköpun samfélagsins
- þekki mikilvæga þætti í rekstri fyrirtækja, bæði um innra skipulag og ytri aðstæður
- greini hringrás efnahagslífsins og gangverk markaðskerfisins
- öðlist þekkingu á bókhaldi, fjármálum, skipulagi og stjórnun efnahagsheilda, heimila, fyrirtækja, þjóðfélaga og alþjóðaviðskipta
- þekki mælikvarða og tæki hagstjórnar og umræðu um mismunandi leiðir í efnahagsmálum
- öðlist skilning á nútímalegum hagkerfum, kostum þeirra og takmörkunum
- þekki helstu stofnanir sem fara með viðskipti og hagfræðileg málefni, hérlendis og í alþjóðaviðskiptum
- þekki mikilvæga þætti í milliríkjaviðskiptum og alþjóðlegu efnahagsumhverfi
- þekki og geti notað algeng hugtök í viðskipta- og efnahagslífi
- geti tileinkað sér og greint daglega umræðu um hagfræðileg og viðskiptaleg efni
- noti stærðfræði og ýmis tæki við lausn hagfræðilegra viðfangsefna, svo sem tölfræðileg gögn, línurit og nýjustu upplýsingatækni

- þrói hæfileika til skapandi og gagnrýninnar hugsunar
- sýni hæfni til sjálfstæðis og samstarfs
- komi þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti með fullnægjandi hætti
- geti hagnýtt sér Netið til öflunar upplýsinga
- geti lesið viðskiptasíður blaða sér til gagns

Áfangar

BÓK 103 Bókfærsla I

Áfangalýsing

Í þessum byrjunaráfanga er fjallað um bókhaldshringrásina og helstu reglur tvíhliða bókhalds. Fjallað er um grundvallarhugtökin eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að annast almennar færslur í dagbók, hafi skilning á uppgjöri og geti sett fram efnahags- og rekstrarreikning. Nemendum er veitt innsýn í notkun flestra reikninga sem telja má til grunnreikninga í fjárhagsbókhaldi. Nemendum er gerð grein fyrir tilgangi bókhalds og kynnt helstu lög um bókhald og virðisaukaskatt.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki grundvallarhugtök tvíhliða bókhalds
- geti hafið bókhald með hliðsjón af fyrirleggjandi efnahagsreikningi eða stofnun fyrirtækis
- geti fært einfaldar dagbókarfærslur
- geti stillt upp prófjöfnuði
- geti afritað í viðskiptamannabók samkvæmt skuldunauta- og lánadrottnafærslum í dagbókinni
- geti fært niðurstöður dagbókar í aðalbók
- geti gert upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil
- geti gert lagfæringar á bókhaldinu með hliðsjón af einföldum athugasemdum, svo sem varðandi afskriftir, birgðatalningu, fyrirfram og ógreiddan kostnað og fleira
- geti gert upp virðisaukaskatt og læri að nota uppgjörsöggn þar að lútandi
- sé fær um að setja upp rekstrar- og efnahagsreikning í lok reikningstímabils að teknu tilliti til athugasemda og lokafærslna

Efnisatriði

Grunnhugtök bókfærslu, debet, kredit, eignir, skuldir, gjöld og tekjur, bókhaldshringrás, tvíhliða bókhald, bókhaldsreikningar, dagbók, aðalbók/höfuðbók, viðskiptamannabók, launabókhald, reikningsjöfnuður, rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, FOB og CIF skilmálar, bókhaldslög, virðisaukaskattslög, fylgiskjöl, millifærslur, athugasemdir, lokafærslur, álagning, víxlar, vextir, afskriftir, söluhagnaður/tap eigna.

Námsmat

Námsmat felst annars vegar í skriflegu prófi sem byggist á markmiðum áfangans og hins vegar símati sem meðal annars getur falist í skyndiprófum, verkefnum, mati á ástundun og virkni. Mikilvægt er að kanna þekkingu nemenda jafnt og þétt yfir námstímann.

BÓK 203 Bókfærsla II

Undanfari: BÓK 103

Áfangalýsing

Gert er ráð fyrir að nemendur sem hefja nám í þessum áfanga hafi fullt vald á bókhaldshringrásinni, geti hafið bókhald og lokað því samkvæmt reglum tvíhliða bókhalds. Þessi kunnátta er dýpkuð verulega meðal annars með erfiðari færslum. Farið yfir bókun á helstu reikningum fyrirtækja; notkun fyrningareikninga við afskriftir eigna, bókun verðbréfa, hlutabréfa, skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga og notkun affallareiknings. Einnig er farið yfir bókanir sem varða innflutning; tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, kostnað og fyrirkomulag við geymslu á vörum í tollvöruhegrymslu. Uppgjörsfærslum er haldið áfram, bæði í gegnum aðalbók og reikningsjöfnuð. Farið er yfir bókanir í sambandi við stofnun og slit fyrirtækja, breytingar á réttarformi, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kunningi skil á færslum vegna innflutnings á vöru, helstu innflutningsskjölum, tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, gengisbreytingum og kostnaði og fyrirkomulagi við geymslu á vöru í tollvöruhegrymslu
- geti reiknað og bókað verðbætur, vexti og afborganir af verðtryggðum skuldabréfum
- geti bókað færslur sem tengdar eru hlutabréfaeign; arður, gengisbreytingar, jöfnunarhlutabréf og svo framvegis
- kunningi að meðhöndla mismunandi virðisaukaskatt í bókhaldi
- dýpki skilning sinn á færslum í launabókhaldi varðandi skil á; staðgreiðsluskatti, framlagi í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi
- geti unnið með viðskiptamannabókhald, sérstaklega með tilliti til innheimtu og afskrifta á viðskiptaskuldum
- geti bókað færslur sem varða stofnun og slit fyrirtækja
- geti bókað færslur sem varða breytingu á réttarformi fyrirtækja, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu þeirra

Efnisatriði

Grunnhugtök bókfærslu, debet, kredit, eignir, skuldir, gjöld og tekjur, bókhaldshringrás, tvíhliða bókhald, bókhaldsreikningar, dagbók, aðalbók/höfuðbók, viðskiptamannabók, launabókhald, reikningsjöfnuður, rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, FOB og CIF skilmálar, bókhaldslög, virðisaukaskattslög, fylgiskjöl, millifærslur, athugasemdir, lokafærslur, afskriftir, söluhagnaður/tap eigna, innflutningur, tollur, álagning, gengisbreytingar, vextir, víxlar, verðbætur, afborganir af verðtryggðum skuldabréfum, tapaðar kröfur, hlutabréf, jöfnunarhlutabréf og arður, stofnun og slit fyrirtækja, breyting á réttarformi, samruni og fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja.

Námsmat

Námsmat felst annars vegar í skriflegu prófi sem byggir á markmiðum áfangans og hins vegar símati sem meðal annars getur falist í skyndiprófum, verkefnum, mati á ástundun og virkni. Mikilvægt er að kanna þekkingu nemenda jafnt og þétt yfir námstímann.

BÓK 213 Tölvubókhald

Undanfari: BÓK 103

Áfangalýsing

Gert er ráð fyrir að nemendur sem hefja nám í þessum áfanga hafi fullt vald á bókhaldshringrásinni, geti hafið bókhald, skráð færslur og lokað bókhaldi samkvæmt reglukerfi tvíhliða bókhalds. Þessi kunnátta er dýpkuð og tölvutæknin notuð til þess að færa bókhald eftir fylgiskjöllum. Farið er yfir þær kröfur sem gerðar eru til tölvubókhaldskerfa og varðveislu gagna sem notuð eru við slíkt bókhald. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á hvernig fjárhagsbókhald sækir upplýsingar í birgðabókhald, viðskiptamannabókhald, sölubókhald og launabókhald. Kynntir eru möguleikar á ýtarlegri skýrslugerð ásamt túlkun og greiningu upplýsinga. Nemendum er kynnt mikilvægi upplýsingakerfa fyrir stjórnendur í nútíma viðskiptaumhverfi þar sem nákvæmar upplýsingar í rauntíma nýtast þeim til skilvirkrar ákvarðanatöku.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti sett upp og skipulagt bókhaldslykla
- skilji tengsl fjárhagsbókhalds við önnur kerfi svo sem birgðabókhald, viðskiptamannabókhald, sölubókhald og launabókhald
- geti skráð, bókað og bakfært fylgiskjöl í mismunandi kerfum
- geti stofnað og eytt; vörunúmerum, birgjum og viðskiptamönnum
- geti útbúið launaseðla og skilaskýrslur
- geti gert upp fyrir tiltekið reikningstímabil
- geti nýtt upplýsingakerfi til markvissrar upplýsingaöflunar og skýrslugerðar
- geti túlkað upplýsingar
- þekki flokkun, merkingu og varðveislu fylgiskjala

Efnisatriði

Fjárhagsbókhald, viðskiptamannabókhald, birgðabókhald, launabókhald, sölubókhald og tengsl þessara kerfa, bókhaldslykill, skráning, bókun, bakfærsla, meðferð fylgiskjala; stofna og eyða vörunúmerum, birgjum og viðskiptamönnum, öflun og greining upplýsinga, skýrslugerð, launaseðlar, virðisaukaskattsuppgjör, hagnaður/tap, uppgjörsfærslur, afstemmingar, leiðréttingafærslur.

Námsmat

Lagt er til að námsmatið felist annars vegar í verklegum prófum sem byggja á markmiðum áfangans. Hins vegar á verkefnavinnu, ástundun nemenda og færni þeirra í sjálfstæðum og vönduðum vinnubrögðum.

BÓK 303 Ársreikningar og skattskil¹

Undanfari: Bók 203

Áfangalýsing

Meginhluti áfangans felst í gerð og greiningu ársreikninga. Farið er í lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Áhersla er lögð á uppsetningu rekstrar- og efnahagsreiknings í samræmi við lög um ársreikninga. Farið er í gerð fjárstreymisyfirlita, sjóðstreymis og fjármagnsstreymis. Ársreikningar eru túlkaðir með kennitölum. Nemendum er kynntur mismunur á uppgjöri samkvæmt góðri reikningsskilavenju og uppgjöri samkvæmt skattalögum. Fengist er við áætlanagerð og frávikagreiningu. Æskilegt er að nemendur noti töflureikni við lausn verkefna.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki lög um ársreikninga
- þekki reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga
- geti sett upp rekstrar- og efnahagsreikning
- geti gert sjóðstreymi eftir beinni og óbeinni aðferð
- þekki til fjármagnsstreymis
- hafi kynnt sér ársskýrslur fyrirtækja
- þekki til áritunar og skýringa í ársreikningi
- þekki til umfjöllunar í ársskýrslum um þekkingarverðmæti fyrirtækja; mannauð, skipulagsauð og viðskiptaaúð
- geti reiknað út og túlkað kennitölur
- þekki til takmarka kennitalna
- skilji hvernig bókhald getur auðveldað áætlanagerð, stjórnun, eftirlit og ákvarðanatöku
- geti lýst helstu þáttum fjárhagsáætlunar og útskýri kosti hennar fyrir fyrirtækið
- geti sett upp áætlaðan rekstrar- og efnahagsreikning
- þekki grunnhugsun frávikagreiningar við áætlanagerð
- geti framkvæmt framlegðarútreikninga
- geti gert uppgjör samkvæmt skattalögum
- þekki til grunnatriða varðandi útfyllingu skattframtala fyrir einstaklinga og lítil fyrirtæki

Efnisatriði

Rekstrar- og efnahagsreikningar, uppgjör og ársreikningur fyrirtækja, sjóðstreymi samkvæmt beinni og óbeinni aðferð, áritun og skýringar í ársreikningi, skoðun ársskýrslna, þekkingarverðmæti, fjármagnsstreymi, greining og túlkun ársreikninga með kennitölum, lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu ársreikninga, athugasemdir og lokafærslur, skattauppgjör, fastur kostnaður, breytilegur kostnaður, heildarkostnaður, einingakostnaður, framlegðarútreikningar, áætlanagerð og frávikagreining.

¹ Svipaður gamla BÓK303 og REK303

Námsmat

Námsmat felst annars vegar í skriflegu prófi sem byggir á markmiðum áfangans og hins vegar símati sem m.a. getur falist í skyndiprófum, verkefnum, mati á ástundun og virkni. Mikilvægt er að kanna þekkingu nemenda jafnt og þétt yfir námstímann.

HAG 103 Rekstrarhagfræði I²

Áfangalýsing

Í þessum byrjunaráfanga er fjallað um rekstur fyrirtækja og umhverfi þeirra. Fjallað er um grunnatriði hagfræðinnar og skilgreiningar á mismunandi efnahagsheildum. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist yfirsýn yfir fyrirtæki sem efnahagsheild og hvernig það þrífst í samkeppni við önnur fyrirtæki. Til þess að nemendur öðlist skilning á eðli og uppbyggingu fyrirtækja er farið yfir helstu þætti er varða innra skipulag og ytri aðstæður fyrirtækja. Einnig læra nemendur að flokka atvinnugreinar, kynnast umhverfi og starfsgrundvelli fyrirtækja, stefnumótun og markmiðssetningu, kostnaðargreiningu og grunnþáttum markaðsfræði og bókhalds. Lögð er áhersla á að nemendur nýti þá þekkingu sem þeir hafa af eigin reynslu í atvinnulífinu, taki dæmi þaðan og beri námsefnið saman við eigin reynslu. Fyrir utan hefðbundin kennslugögn er ætlast til að nemendur geti nýtt sér Netið til upplýsingaöflunar.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki grundvallarhugtök hagfræðinnar skort, val og fórn
- geti útskýrt framboð, eftirspurn og jafnvægi á markaði
- þekki helstu framleiðsluþætti
- skilgreini efnahagsheildir og helstu strauma efnahagslífsins
- geri greinarmun á frumvinnslu, úrvinnslu og þjónustu og flokki helstu atvinnugreinar
- skilgreini starfsgrundvöll fyrirtækis
- fjalli um helstu þætti í umhverfi fyrirtækja og greini á milli þátta sem þau hafa áhrif á og þeirra sem þau hafa lítil eða engin áhrif á
- þekki þá þætti sem ráða staðarvali fyrirtækja
- kunni vinnuaðferðir við stefnumótun og markmiðssetningu
- skýri áhrif hagsmunaaðila á markmiðssetningu fyrirtækja og fjalli um samvinnu og togstreitu á milli þeirra
- skilgreini rekstrarform fyrirtækja
- þekki helstu skipurit, dreifingu valds og ábyrgðar
- fjalli um helstu stjórnunarstíla
- skilji hvernig verðmæti myndast innan fyrirtækja og hvernig þeim er ráðstafað
- fjalli um framleiðsluferfi, skipulag tækja og mannafla, teikningu framleiðsluferla og samræmingu á afkastagetu
- skilji hugtökin tekjur, kostnaður og afkoma
- þekki helstu kostnaðarhugtök
- þekki aðferðir við útreikning framlegðar og rekstrarjafnvægis

² Samhljóða REK103

- þekki muninn á beinum og óbeinum kostnaði og geti reiknað út eigið verð afurðar (sjálfskostnað)
- þekki helstu hugtök markaðsfræðinnar
- fjalli um bókhald og mikilvægi þess í rekstri fyrirtækja
- geti gert fjárhagsáætlun og skilji hagnýt not hennar fyrir stjórnendur fyrirtækja
- þekki grunnhugsun frávikagreiningar við áætlanagerð

Efnisatriði

Grunnhugtök hagfræðinnar, efnahagsheildir, flokkun fyrirtækja, starfsgrundvöllur, rekstrarform fyrirtækja, stefnumótun, stjórnun, framleiðsla, bókhald, áætlanagerð, markaðsfræði, tekju- og kostnaðargreining, framboð og eftirspurn, skipurit, stjórnunarstílar, umhverfi fyrirtækja, beinn og óbeinn kostnaður, eigið verð afurðar (sjálfskostnaður), breytilegur kostnaður og fastur kostnaður, framlegð, afkoma, frávikagreining, rekstrarjafnvægi.

Námsmat

Námsmat felst annars vegar í skriflegu prófi sem byggir á markmiðum áfangans og hins vegar símati sem getur falist í hóp- eða einstaklingsverkefnum, meðal annars greiningu á fyrirtæki samkvæmt nánari fyrirmælum kennara.

HAG 203 Rekstrarhagfræði II³

Undanfarar: HAG 103 og STÆ 103

Áfangalýsing

Í áfanganum er farið yfir helstu skilgreiningar á kostnaði og tekjum fyrirtækja. Leitast er við að auka skilning nemenda á viðfangsefnum í rekstri fyrirtækja og veita þjálfun við lausn verkefna. Fjallað er um hagkvæmasta val framleiðslupáttá, framleiðslu- og kostnaðarföll, framlegðarútreikninga og útreikninga á hagkvæmustu framleiðslusamsetningu, framboð, eftirspurn, nytjaföll, teygni og verðmyndun við mismunandi markaðsform. Stór hluti áfangans felst í stærðfræðilegri greiningu á rekstrarhagfræðilegum úrlausnarefnum. Áhersla er lögð á stærðfræðilega nálgun og notkun línurita til að leysa rekstrarhagfræðileg viðfangsefni, svo sem kostnað, tekjumyndun og jafnvægi í rekstri fyrirtækja. Nemendur eru m.a. þjálfaðir í að beita deildun við háþyrkingu hagnaðar. Við úrlausn verkefna er gert ráð fyrir að notuð sé nýjasta upplýsingatækni og hluti námsins fari fram í tölvustofum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti notað línurit til að skýra samband tveggja framleiðslupáttá, svo sem véla og manna, samband verðs og magns, samband framleiðslumagns, kostnaðar og tekna við framleiðslu á vörum
- þekki helstu strauma hagkerfisins og geri sér grein fyrir stöðu fyrirtækja í nútíma markaðshagkerfi
- skilji mikilvægi framboðs og eftirspurnar til að viðhalda jafnvægi í framleiðslu og neyslu
- geri sér grein fyrir áhrifum hagsveiflna á rekstur fyrirtækja

³ Samhljóða REK203

- þekki framleiðsluþættina og geti greint framleiðslufallið bæði stærðfræðilega og með líkani
- geti notað línurit til að útskýra þenslubraut fyrirtækis
- geti reiknað dæmi og útskýrt jafnmagns- og jafngjaldalínur
- geti greint og reiknað fastan og breytilegan kostnað, tekjur, framlegð og rekstrarjafnvægi
- geti notað framlegðaraðferðir til þess að velja hagkvæmstu framleiðslusamsetningu
- geti notað línurit til þess að skýra ákvarðanir neytenda um háværkun nota
- þekki til kenninga um háværkun velferðar út frá sjónarhorni fyrirtækja og þjóðfélagsins í heild
- geti greint á milli einokunar, fákeppni, verðleiðsagnar, einkasölusamkeppni og fullkominnar samkeppni á markaði
- geti reiknað hagkvæmasta magn og eftir atvikum verð við mismunandi samkeppnisform
- geti notað línurit til þess að tjá sig um stöðu á markaði
- geti notað upplýsingatækni við útreikninga og aðra vinnslu

Efnisatriði

Línurit, efnahagshringrás, staða fyrirtækja í nútímahagkerfi, kostnaðar- og tekjuhugtök, framlegðarútreikningar, hagkvæmasta framleiðslusamsetning, ábati neytenda, framleiðenda og samfélagsins; framboð, framleiðslufall, jafnmagns- og jafngjaldalínur, þenslubraut, lögmálið um minnkandi afrakstur, meðalframleiðsla, jaðarframleiðsla, eftirspurn, tekjufall, notagildi, teygni, tekju- og staðkvæmdaráhrif, samkeppnisáðstæður á markaði, einokun, fákeppni, verðleiðsögn, einkasölusamkeppni, fullkomin samkeppni, háværkun hagnaðar, hagkvæmasta val fyrirtækis (magn, verð) og rekstrarjafnvægi.

Námsmat

Við námsmat getur hentað að beita skriflegu prófi til að kanna skilning nemenda á námsefninu í samræmi við markmið áfangans, enn fremur einstaklingsbundnum verkefnum og hópverkefnum þar sem reynir á getu nemenda til að nota upplýsingatækni við lausn rekstrarhagfræðilegra úrlausnarefna.

HAG 113 Almenn þjóðhagfræði⁴

Áfangalýsing

Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum. Áhersla er lögð á að nemendur geti hagnýtt sér Netið til öflunar hagfræðilegra upplýsinga.

Áfangamarkmið

Nemandi

⁴ Samhljóða ÞJÓ103

- þekki grundvöll hagfræðinnar sem fræðigreinar, meginviðfangsefni og grundvallarspurningar
- þekki helstu einkenni markaðshagkerfis, blandaðs hagkerfis og miðstýrðs áætlanahagkerfis
- þekki grunneiningar hagkerfisins og meginhlutverk þeirra
- þekki til lögmálsins um minnkandi afrakstur í framleiðslu og geti útskýrt áhrif þess á kostnaðarmyndun í framleiðslu
- þekki lögmál markaðarins og geti útskýrt meginþætti verðmyndunar á markaði
- geti reiknað út markaðsjafnvægi og verðteygni út frá gefnum stærðfræðilegum forsendum um eftirspurn og framboð
- þekki til helstu aðila og launamyndunar á vinnumarkaði
- þekki hringrás opins, blandaðs hagkerfis
- þekki til ráðstöfunaruppgjörs þjóðhagstærða
- geti skýrt þann mun sem er á vergum og hreinum hagstærðum, þjóðarframleiðslu og landsframleiðslu, markaðsverði og þáttaverði
- geti reiknað út þjóðhagstærðir á föstu verðlagi og hlutfallslegar breytingar á milli ára
- þekki helstu tekjuhugtök og aðferðir við að skoða tekjuskiptingu
- þekki til helstu umsvifa hins opinbera í efnahagslífinu og aðferða til fjármögnunar þeirra
- þekki til helstu aðila á peningamarkaði, þekki hlutverk seðlabanka og geti útskýrt hvaða þættir ákvarða peningaframboð, peningaeftirspurn og þar með vaxtastigið
- þekki til helstu ákvörðunarþátta utanríkisviðskipta, svo sem kenninga um hlutfallslega yfirburði og algjöra yfirburði
- þekki til greiðslujafnaðar og samsetningar hans með sérstakri áherslu á viðskiptajöfnuð
- þekki til mælikvarða á erlenda skuldasöfnun og greiðslubyrðar af erlendum lánnum
- þekki helstu áhrifaþætti nafngengis gjaldmiðla og tilhögun við skráningu á gengi íslensku krónunnar
- geti reiknað hagvöxt, þekki helstu ákvörðunarþætti og vanda við mat á honum, meðal annars vegna umhverfismála
- þekki til helstu vandamála í efnahagslífinu, svo sem verðbólgu, atvinnuleysis og erlendrar skuldasöfnunar
- öðlist skilning á efnahagslegu samhengi í þjóðfélaginu
- geti tekið þátt í daglegri efnahagssumræðu út frá faglegu sjónarmiði
- þjálfist í að beita upplýsingatækni við öflun upplýsinga og lausn verkefna
- geti hagnýtt sér Netið til öflunar hagfræðilegra upplýsinga

Efnisatriði

Skortur, val, fórnarkostnaður, framleiðsla, framleiðsluþættir, eftirspurn, framboð, markaðsjafnvægi, teygni, heimili, fyrirtæki, hið opinbera, vinnumarkaður, markaðshagkerfi, blandað hagkerfi, miðstýrt áætlanahagkerfi, efnahagshringrás, þjóðhagsreikningar, þjóðartekjur, þjóðhagslegur sparnaður, fjármunamyndun, einkaneysla, samneysla, skattar og fjármál hins opinbera, peningamarkaður, vextir, utanríkisviðskipti, gengi, hagvöxtur, verðbólga, atvinnuleysi.

Námsmat

Markmiðin eru grundvöllur námsmatsins. Skriflegt próf, einstaklingsverkefni og hópverkefni geta verið þáttur í því. Skilningur á efnahagslegu samhengi skiptir miklu máli og því verða prófspurningar, verkefni og dæmi að vera þannig úr garði gerð að þau

meti hæfni nemanda á því sviði. Þekking á hugtökum og helstu hagstærðum og næmi fyrir mikilvægi þeirra í daglegri efnahagsmálaumræðu hefur mikið að segja. Æskilegt er að lögð séu fyrir hópverkefni þar sem nemendur fá þjálfun í að beita þessum hugtökum í umræðu um efnahagsmál.

HAG 213 Hagstjórn⁵

Undanfari: HAG 113

Áfangalýsing

Áfanginn miðar að því að auka skilning nemandans á starfsemi þjóðarbúsins og hreyfiöflum efnahagsþróunar. Innra samhengi í hagkerfinu er skýrt með hjálp efnahagshringrásarinnar og með einföldum línuritum. Fjallað er um markmið hagstjórnunar og helstu hagstjórnartæki. Kynntar eru meginstefnur og straumar sem tengjast hagfræði þjóðarbúsins. Fjallað er um markaðskerfið og nokkur grundvallareinkenni þess. Hegðun fyrirtækja í mismunandi samkeppnisformum er skoðuð og fjallað um áhrif fullkominnar og ófullkominnar samkeppni á velferð neytenda. Komið er inn á kenningar um ytri áhrif og markaðsbresti með áherslu á umhverfisvandamál sem skapast af framleiðslu og neyslu í iðnvæddum samfélögum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki hringrás efnahagslífsins og átti sig á samhengi hagstærða
- geti túlkað heildareftirspurn og heildarframboð í hagkerfinu með hjálp einfalds haglíkans
- þekki til margföldunaráhrifa í hagkerfinu og ástæðna fyrir þeim
- geti reiknað út þjóðartekjur í jafnvægi og aðrar helstu hagstærðir með hjálp einfalds haglíkans
- þekki tæki fjármálastjórnunar og reikni út áhrif beitingar þeirra í einföldu haglíkani
- átti sig á vandamálum sem tengjast hallarekstri hins opinbera
- þekki helstu ákvörðunarþætti peningaeftirspurnar og peningaframboðs
- þekki helstu tæki peningamálastjórnar og geri sér grein fyrir áhrifum beitingar þeirra á vaxtastig
- þekki til þeirra tengsla sem eru á milli vöru- og peningamarkaðar og afleiðinga þeirra fyrir áhrifamátt hagstjórnaraðgerða
- þekki hugtakið raungengi og átti sig á mikilvægi þess fyrir þjóðarbúskapinn
- þekki til helstu vandamála sem fylgja hagstjórn í opnu hagkerfi
- átti sig á afleiðingum nafngengisbreytinga fyrir þjóðarbúskapinn
- geti útskýrt með hjálp línurita hvernig heildarframboð og heildareftirspurn ákvarðar verðlag og raunþjóðartekjur
- sé fær um að túlka innra og ytra jafnvægi í hagkerfinu og geti útskýrt hvernig mismunandi hagstjórnaraðgerðir geta fært hagkerfið nær innra og ytra jafnvægi
- þekki til meginkenninga um ákvörðun þjóðartekna og áhrifamátt hagstjórnar
- þekki til meginhugmynda í „framboðssinnaðri“ hagfræði
- þekki til hugmynda um þátt væntinga í efnahagslífinu, svo sem kenninga um „skynsamlegar væntingar“

⁵ Samhjóða ÞJÓ203

- þekki hugtakið velferðarauki og átti sig á því hvernig hann skerðist við einokun
- þekki hugtakið markaðsbrestur og helstu ástæður fyrir markaðsbresti
- geti tilgreint dæmi um „ytri áhrif“ í framleiðslu og neyslu
- átti sig á samhengi umhverfismála og markaðsverðmyndunar

Efnisatriði

Efnahagshringrás, heildareftirspurn, heildarframboð, (raun)þjóðartekjur, verðlag, margföldunaráhrif, fjármálastjórn, peningamálastjórn, ríkisfjármál, vaxtastig, tenging vörumarkaðar og peningamarkaðar, gengisstjórn, raungengi, kenningar Keynes, klassísk hagfræði, framboðshyggja, skynsamlegar væntingar, fullkomin samkeppni, einokun, velferðarauki, ytri áhrif, markaðsbrestir, samfélagslegar vörur.

Námsmat

Námsmat byggist á því hve vel markmiðum er náð. Skrifleg próf, einstaklingsverkefni og hópverkefni koma til greina í því skyni. Þekking á hugtökum og skilningur á efnahagslegu samhengi skiptir miklu máli. Æskilegt væri að námsmat byggðist að einhverju leyti á hópverkefnum þar sem nemendur fengju þjálfun í að beita þessum hugtökum í umræðu um efnahagsmál.

HAG 313 Alþjóðahagfræði⁶

Undanfari: HAG 213

Áfangalýsing

Hugmyndir og kenningar um milliríkjaviðskipti eru reifaðar og fjallað er um alþjóðlega samvinnu og alþjóðavæðingu í efnahagsmálum. Alþjóðlegar stofnanir og samtök, sem eru virk á efnahagssviði, eru kynnt og athuguð einkum í ljósi þeirra áhrifa sem þau hafa á íslenskt atvinnulíf. Fjallað er um einkenni fjölþjóðafyrirtækja og um alþjóðleg gjaldeyrisviðskipti. Einnig verður fjallað um stærstu viðskiptaheildirnar í nútíð og framtíð, það er Ameríku, Evrópu og Asíu. Komið er inn á vanda ríkja þriðja heimsins og samskipti þeirra við iðnvædd velferðarþjóðfélög.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki til ýmissa forma alþjóðlegs samstarfs í efnahagsmálum, svo sem gengiskerfa og samninga um fríverslun
- geti útskýrt áhrif innflutningstolla á hagkerfið og lýst kostum og göllum slíkra aðgerða
- átti sig á því hvaða þýðingu fjölþjóðleg samvinna og samtök eins og Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA), ESB, EES og Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) geti haft fyrir íslenskt efnahagslíf
- fái innsýn í hvernig stækkun ESB getur haft áhrif á íslenskan atvinnumarkað
- þekki meginmynstur heimsviðskipta (alþjóðlega verkaskiptingu) og megindrætti í þróun þeirra hin seinni ár
- fái innsýn í vægi fjölþjóðafyrirtækja í hagkerfi heimsins
- þekki til mikilvægis alþjóðlegra gjaldeyrisviðskipta fyrir efnahagsþróun í heiminum
- þekki til megineinkenna hagkerfa þriðja heimsins og helstu vandamála er hrjá þau
- þekki til nokkurra kenninga um orsakir vanþróunar

⁶ Samhljóða ÞJÓ303

- tilgreini dæmi um þróunaraðstoð og rökræði gildi hennar
- þekki til starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans, meðal annars í þróunarmálum

Efnisatriði

Gengiskerfi, fríverslunarsamningar, ESB, EES, Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO), Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF), tollar, alþjóðleg verkaskipting og viðskipti, fjölþjóðafyrirtæki, alþjóðlegir gjaldeyrismarkaðir, spákaupmennska, vanþróun, þróunarkenningar, þróunaraðstoð.

Námsmat

Námsmat byggir á því hve vel markmiðum er náð. Skrifleg próf og einstaklingsverkefni koma til greina í því skyni. Einnig væri æskilegt að beita í töluverðu mæli hópverkefnum þar sem nemendur fá þjálfun í að tjá sig í mæltu og rituðu máli um alþjóðleg efnahagsmál.

VIÐ 103 Stjórnun

Áfangalýsing

Farið er yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun. Leitast er við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda og kynna þeim ýmis verkefni sem þeir inna af hendi. Nemendum er kynnt gildi stjórnunar og skipulagningar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið. Viðfangsefni áfangans miða meðal annars að því að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í félags- og atvinnulífi.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti gert grein fyrir þróun stjórnunar sem fræðigreinar
- geti útskýrt mikilvægi stjórnunar fyrir einstakling, fyrirtæki og samfélag
- þekki helstu stjórnunarkenningar og stjórnunarstíla
- þekki helstu hlutverk stjórnandans
- þekki helstu hvatningarkenningar
- þekki til grunnatriða mannauðsstjórnunar
- þekki ráðningarferli
- geti gert starfsferilsskrá
- þekki helstu atriði varðandi árangursríka fundarstjórn
- þekki helstu tegundir skipurita
- geti túlkað skipurit og lýst mikilvægi skýrra boðleiða í fyrirtæki
- geti lýst kostum og göllum hópvinnum og lýst forsendum árangursríks hópstarfs
- geti undirbúið viðtal og stjórnað samskiptum meðan á viðtali stendur
- þekki helstu aðferðir sem notaðar eru til þess að leggja mat á árangur

Efnisatriði

Þróun stjórnunarfræða; klassísk stjórnun, atferlisnálgun, kerfisnálgun og aðstæðnastjórnun, umhverfi stjórnandans, fyrirtækjamenning, siðfræði, stefnumótun, ákvarðanatáka, skipulag fyrirtækja, eftirlit, stefnumiðað árangursmat (BSC), stjórnun breytinga, mannauðsstjórnun, samskiptastjórnun, starfsmannaviðtöl, frammistöðumat, starfsferilsskrá, ráðningarferli, hlutverk stjórnenda, stjórnunarstílar, áætlanagerð, starfsánægja, hvatning, hópvinna, fundarstjórn, boðleiðir.

Námsmat

Við námsmat getur hentað að beita skriflegum prófum, einstaklings- og hópverkefnum, námsástundun og virkni í tímum til að kanna skilning nemenda á námsefninu í samræmi við markmið áfangans. Æskilegt er að nemendum gefist kostur á að vinna æfingaverkefni í stjórnun samskipta.

VIÐ 113 Markaðsfræði

Áfangalýsing

Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni markaðsfræðinnar. Áhersla er lögð á að auka skilning nemenda á gildi markaðsstarfs fyrir neytendur, fyrirtæki og samfélagið í heild. Leitast er við að nemendur tileinki sér markaðslega hugsun. Fjallað er um söluráðana og samval þeirra við markaðssetningu. Kynnt eru fyrir nemendum helstu atriði er varða umhverfi fyrirtækja, markaðshlutun, markaðsrannsóknir, markaðsáætlanir og vinnubrögð við markaðssetningu. Æskilegt er að gefa nemendum kost á að kynnst vinnubrögðum í markaðssetningu með því að vinna að hagnýtu verkefni á því sviði.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki tilgang og hugmyndafræði markaðsfræðinnar
- geri sér grein fyrir þýðingu markaðsstarfs fyrir fyrirtæki og samfélag
- þekki helstu hugtök og hugmyndir varðandi vöru og vöruþróun
- þekki söluráðana; vara, verð, kynning og dreifing
- geri sér grein fyrir hvernig auka megi áhrif markaðssetningar með „réttu“ samvali söluráða
- geri sér grein fyrir mikilvægum þáttum í umhverfi fyrirtækja
- þekki til helstu samkeppnisforma og mikilvægustu atriða samkeppnisgreiningar
- geri sér grein fyrir mikilvægi þarfagreiningar og markaðshlutunar
- þekki helstu hugmyndir um kaupvenjur á neytendamarkaði og fyrirtækjamarkaði
- geri sér grein fyrir mikilvægi markaðsrannsókna
- þekki til aðferða sem beitt er við markaðsathuganir og hafi unnið verkefni á því sviði
- geri sér grein fyrir mikilvægi markaðsáætlana og þekki til mismunandi greiningartækja og vinnubragða við áætlanagerð
- þekki til siðfræðilegra álitamála sem varða markaðssetningu
- þekki til hugsanlegra neikvæðra afleiðinga sem markaðssetning getur haft fyrir einstaklinga og samfélag

Efnisatriði

Markaðir, afstaða fyrirtækja til markaðarins, söluráðar; vara, verð, kynning og dreifing, umhverfi fyrirtækja, samkeppnisform, samkeppnisgreining, markaðshlutun, kaupvenjur, vöruþróun, líftími vöru, markaðssetning, markaðsrannsóknir, ímynd, markaðsáætlanir.

Námsmat

Við námsmat getur hentað að beita skriflegum prófum ásamt einstaklings- og hópverkefnum til að kanna skilning nemenda á námsefninu í samræmi við markmið áfangans. Lagt er til að vægi verkefna verði umtalsvert.

VIÐ 213 Markaðsrannsóknir

Undanfari: VIÐ 113

Áfangalýsing

Meginviðfangsefni áfangans er að kynna fyrir nemendum tilhögun og framkvæmd markaðsrannsókna. Farið er í gagnasöfnun, gagnagreiningu og úrvinnslu. Lögð er áhersla á vandaða skýrslugerð nemenda og að þeir kynni niðurstöður sínar viðeigandi aðilum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti framkvæmt ítarlega markaðsrannsókn
- geti gert rannsóknaráætlun
- geti framkvæmt eigindlega og megindlega rannsókn
- þekki til úrtaksaðferða og helstu mælikvarða sem notaðir eru í spurningarlistum
- geti hagnýtt sér SPSS eða sambærilegan hugbúnað við úrvinnslu gagna
- þekki kosti og galla helstu tegunda kannana
- geti gert vandaða skýrslu og kynnt hana viðeigandi aðilum

Efnisatriði

Markaðsrannsókn, rannsóknaráætlun, þýði, úrtaksaðferðir, mælikvarðar, spurningalistar, opnar og lokaðar spurningar, póstkönnun, símakönnun, netkönnun, viðtöl, rýnihópar, gagnaöflun, gagnagreining, úrvinnsla, tölfræði, SPSS eða sambærilegur hugbúnaður, skýrslugerð, kynning á skýrslu, ákvarðanatataka, samkeppnisgreining, markaðshlutun, kaupvenjur, vöruþróun, líftími vöru, markaðssetning, ímynd, markaðsáætlanir, megindlegar og eigindlegar aðferðir.

Námsmat

Við námsmat getur hentað að beita skriflegum prófum ásamt einstaklings- og hópverkefnum til að kanna skilning nemenda á námsefninu í samræmi við markmið áfangans. Lagt er til að vægi verkefna verði umtalsvert.

VIÐ 123 Fjármál I

Undanfari: STÆ 103

Áfangalýsing

Fjallað er um fjármál einstaklinga og helstu hugtök á sviði fjármála almennt. Áhersla er lögð á þjálfun í útreikningum þar sem telja má að kunnáttan hafi almennt hagnýtt gildi. Fjallað er um markað fyrir helstu tegundir verðbréfa og meginatriði sem varða mat á fjárfestingavalkostum. Æskilegt er að kennslan fari að nokkru leyti fram í tölvuveri þar sem nemendur geta notað töflureikni eða annan hentugan hugbúnað við lausn verkefna.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki til fjárhagsáætlana og skilji hvaða gagn einstaklingar og fyrirtæki geti haft af þeim
- geti útskýrt helstu vaxtahugtök
- geti reiknað út vaxtaupphæð, framtíðarvirði höfuðstóls, núvirði höfuðstóls, vaxtaþrósentu og tíma í einföldum og samsettum vaxtareikningi

- þekki til mismunandi sparnaðarleiða einstaklinga
- þekki helstu tegundir skuldabréfa og geti reiknað út greiðslur tengdar þeim
- þekki til helstu lánavalkosta sem einstaklingar standa frammi fyrir ásamt kostnaði og ábyrgð sem fylgir því að taka lán
- þekki til útreiknings á vísitölum og hagnýtra nota af þeim
- þekki til helstu aðferða við verðtryggingu og geti reiknað út greiðslur af verðtryggðum skuldabréfum
- geti reiknað út greiðslur, núvirði og framtíðarvirði greiðsluraða
- geti reiknað út ávöxtun og greint á milli nafnávöxtunar og raunávöxtunar
- geti reiknað út breytingar á gengi og verði gjaldmiðla
- geti reiknað út kaupverð, gengi, afföll og yfirverð einföldustu gerða skuldabréfa
- geti reiknað út hagkvæmustu fjárfestingavalkosti/tilboð með hjálp núvirðisreikninga
- geti reiknað út innri vexti greiðsluraðar
- geti skilgreint hvað er hlutabréf og í hvaða formi hluthafar geti vænst ávöxtunar af hlutabréfaeign sinni
- þekki til helstu markaðsverðbréfa á íslenskum verðbréfamarkaði
- þekki til hugbúnaðar sem nýtist vel til útreikninga á sviði fjármála og hafi fengið nokkra æfingu í notkun hans
- geti hagnýtt sér Netið til öflunar fjármálalegra upplýsinga

Efnisatriði

Fjárhagsáætlanir, sparnaðarleiðir, ávöxtun, nafnvextir, raunvextir, fórnarvextir, forvextir, verðtrygging, núvirði, ávöxtunarkrafa, innri vextir, framtíðarvirði, greiðsluraðir, skuldabréf og mismunandi greiðsluform þeirra, kaupverð/gengi/afföll/yfirverð skuldabréfa, vísitölur, gengisútreikningar á gjaldmiðlum, mat á tilboðum/fjárfestingavalkostum, hlutabréf, markaðsverðbréf.

Námsmat

Við námsmat hentar að beita skriflegum prófum til að kanna skilning nemenda á námsefninu í samræmi við markmið áfangans. Einnig getur hentað að beita einstaklings- og hópverkefnum þar sem reynir á getu nemenda til að nota upplýsingatækni við lausn fjármálalegra viðfangsefna. Mikil áhersla er á að meta hæfni nemenda til að leysa dæmi tengd fjármálum.

VIÐ 223 Fjármál II

Undanfarar: VIÐ 123 og STÆ 203

Áfangalýsing

Áfanginn byggir á þeim grunni sem lagður var í áfanganum VIÐ 123. Fjallað er nánar um helstu viðfangsefni fjármála og fjármálastjórnunar. Gerð er grein fyrir hagrænu mikilvægi fjármagnsmarkaða og lögð áhersla á að nemendur skilji og geti túlkað helstu upplýsingar sem koma fram á fjármálamarkaði. Fjallað er um íslenska verðbréfamarkaðinn með sérstaka áherslu á hlutabréf. Farið er í samval verðbréfa og áhættuhugtök tengd verðbréfasöfnum. Þá er fjallað um nokkur helstu viðfangsefni fjármála fyrirtækja og gerð grein fyrir afleiðum með mismunandi undirliggjandi eignum. Rík áhersla er lögð á leikni nemenda við úrlausnir fjármálaviðfangsefna. Æskilegt er að kennslan fari að nokkru leyti fram í tölvuveri þar sem nemendur geta notað töflureikni eða annan hentugan hugbúnað við lausn verkefna.

Áfangamarkmið

Nemandi

- hafi grunnþekkingu á helstu störfum sérfræðinga í fjármálum
- þekki til hefðbundinnar skiptingar á verðbréfamarkaði
- þekki til mismunandi skilgreininga á fjármagnskostnaði fyrirtækja og útreikninga tengdum þeim
- þekki til mismunandi arðgreiðslustefna fyrirtækja
- þekki til útreiknings og gagnsemi vísitalna
- geti reiknað út ávöxtun mismunandi fjárfestingarvalkosta
- þekki til sögu og meginhlutverka Kauphallar Íslands
- þekki til helstu markaðsverðbréfa á íslenskum verðbréfamarkaði
- þekki til aðferða og helstu kennitalna sem notaðar eru við mat á hlutabréfum og hlutafélögum
- þekki helstu áhættuþætti í sambandi við verðbréfavíðskipti
- þekki helstu aðferðir við mat á áhættu í verðbréfavíðskiptum
- þekki til kenninga um áhættudreifingu og skilvirk verðbréfasöfn
- geri greinarmun á virkri og hlutlausri sjóðastjórnun
- þekki til mikilvægustu tegunda afleiða
- þekki til hugbúnaðar sem nýtist vel til útreikninga á sviði fjármála og hafi fengið nokkra æfingu í notkun hans
- geti hagnýtt sér Netið til öflunar fjármálalegra upplýsinga

Efnisatriði

Markaðsverðbréf, ávöxtun, ávöxtunarkrafa, núvirði, áhætta, verðmat hlutabréfa og hlutafélaga, kennitölur, fjármagnskostnaður og fjármagnsskipan, arður og arðgreiðslustefna, fyrirtækjaáhætta, markaðsáhætta, betagildi, skilvirkni markaða, skilvirk verðbréfasöfn, CAPM, framfall, markaðslínan, langtímafjárfestar og spákaupmenn, Kauphöll Íslands, Úrvalsvístalan, Aðallisti, Tilboðsmarkaður, frummarkaður, eftirmarkaður, innherjar, opin og lokuð útboð, sjóðastjórnun, vísitölusjódir.

Námsmat

Við námsmat hentar að beita skriflegum prófum til að kanna skilning nemenda á námsefninu í samræmi við markmið áfangans og hæfni þeirra til að leysa dæmi tengd fjármálum. Einnig gætu einstaklings- og hópverkefni hentað þar sem reynir á getu nemenda til að nota upplýsingatækni við lausn fjármálalegra viðfangsefna.

VIÐ 133 Frumkvöðlafræði

Áfangalýsing

Áhersla er lögð á virka þátttöku nemenda sem meðal annars felst í því að stofna, reka og loka fyrirtæki sem byggir á eigin viðskiptahugmynd. Farið verður í grunnatriði sem hafa verður í huga til þess að koma vöru eða viðskiptahugmynd á framfæri. Lögð er áhersla á hópavinnu og að viðskiptahugmynd hópsins sé raunhæf. Nemendur koma sér saman um eina hugmynd (vöru eða þjónustu) og þurfa að fjármagna hana, markaðssetja, framleiða og selja eða veita. Mælt er með heimsóknnum í fyrirtæki og stofnanir.

Áfangamarkmið

Nemandi

- skilji tækni og aðferðir til að koma auga á viðskiptatækifæri
- skilji einfaldan rekstrarreikning
- skilji einaldan efnahagsreikning
- skilji einfalda arðsemisútreikninga
- geti þróað hugmynd að vöru/þjónustu eða uppfinningu
- geti valið milli mismunandi viðskiptahugmynda
- geti gert markaðsáætlun
- þekki til helstu þátta er varða starfsmannamál
- geti gert auglýsinga- og kynningaráætlun
- geti gert einfalda viðskiptaáætlun
- þekki og skilji ferli við að stofna og reka lítið fyrirtæki
- þekki til helstu rekstrarforma fyrirtækja
- hafi kynnst atvinnulífi og hafi færni til að uppgötva viðskiptatækifæri
- kunni vinnuáferðir við stefnumótun og markmiðssetningu
- hafi öðlast skýra framtíðarsýn og jákvætt lífsviðhorf
- hafi öðlast færni í að undirbúa og framkvæma krefjandi verkefni
- hafi öðlast færni í hópastarfi sem meðal annars felur í sér samvinnu, virðingu, jákvæð samskipti, stjórnun, ábyrgð og ákvarðanatöku.

Efnisatriði

Frumkvöðull, fjármál frumkvöðuls, arðsemisútreikningar, nýsköpun og vöruþróun, viðskiptatækifæri, viðskiptahugmynd, viðskiptaáætlun, markaðsmál, markaðskönnun, verðlagning, samningatækni, rekstrarform fyrirtækja, rekstur og stofnun fyrirtækja, rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, greiðsluáætlun, lestur viðskiptablaða, stefnumótun og áætlanagerð, hópvinna, starfsmannamál.

Námsmat

Lagt er til að áhersla sé lögð á að meta samstarfshæfni nemenda og afrakstur hópastarfs. Einnig er hægt að beita skriflegum prófum til að kanna skilning nemenda á námsefninu í samræmi við markmið áfangans. Lagt er til að vægi verkefna verði umtalsvert.

VIÐ 143 Viðskiptalögfræði⁷

Áfangalýsing

Kynnt eru grundvallaratriði íslenskrar stjórnskipunar og réttarkerfis. Áhersla er lögð á kynningu á lögum og reglum sem tengjast viðskiptalífinu. Áfanginn miðar að því að gefa nemendum innsýn í umfang löggjafar á þessu sviði og þekki helstu meginreglur hennar. Stutt umfjöllun um sífja- og erfðarétt.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki til grunnatriða lögfræðinnar
- þekki til grundvallaratriða í sambandi við löggjöf og aðrar réttarheimildir

⁷ Samhljóða VRR103

- þekki til meginatriða í íslenskri stjórnskipan
- þekki meginreglur íslensks réttarfars og helstu farvegi mála í gegnum dómstóla og aðrar stofnanir réttarkerfisins, svo sem greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti
- þekki helstu hugtök sem lúta að réttindum og skyldum þjóðfélagsþegna
- þekki almennar reglur sem varða samninga, umboð og aðra löggæringa
- þekki til laga um lausafjárkaup og fasteignakaup
- þekki helstu lög og reglur er varða kröfur og skuldbindingar
- þekki helstu lög um skaðabætur og váttryggingar
- þekki þann mun sem er á hinum ýmsu rekstrarformum í atvinnurekstri hvað snertir ábyrgð eigenda og fleira
- hafi kynnt sér lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti
- hafi kynnt sér ýmsar aðrar réttarreglur atvinnulífsins, svo sem bókhaldsskylda, auðkennarétt, verslunarleyfi og fleira
- þekki helstu réttindi og skyldur aðila á vinnumarkaði
- þekki helstu lög um stéttarfélög og vinnudeilur
- þekki til helstu laga varðandi sífja- og erfðarétt

Efnisatriði

Grundvallaratriði réttarkerfisins, samningagerð, kröfuréttarsambönd, rekstrarform fyrirtækja, fasteignakaup, lausafjárkaup réttarreglur viðskiptalífsins, bókhaldsskylda, skattskylda, stéttarfélög, vinnudeilur, réttindi og skyldur aðila á vinnumarkaði, váttryggingar og skaðabætur, gjaldþrotaskipti, greiðslustöðvun, nauðasamningar, sífja- og erfðaréttur.

Námsmat

Við námsmat getur hentað að beita skriflegum prófum, einstaklings- og hópverkefnum til að kanna skilning nemenda á námsefninu í samræmi við markmið áfangans.